

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Skógarlind 2. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 19. september 2016 breytt deiliskipulag Skógarlindar 2. Í breytingunni felst staðsetning fjölkustöðvar á lóðinni.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Austurkór 179. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. september 2016 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 179. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss verður byggt parhús á lóðinni, grunnflötur húsa verður 270 m<sup>2</sup> í stað 250 m<sup>2</sup>, hámarksbyggingarmagn á lóð verður 530 m<sup>2</sup> í stað 400 m<sup>2</sup> og hámarkshæð 7,1 m miðað við aðkomuhæð.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Jórsalir 2. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 25. október 2016 breytt deiliskipulag fyrir Jórsali 2. Í breytingunni felst að byggt er við húsið til suðurs 25,5 m<sup>2</sup> bygging sem er að stærstum hluta innan gildandi byggingarreits.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breiðahvarf 15. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 25. október 2016 breytt deiliskipulag fyrir Breiðahvarf 15. Í breytingunni felst að hesthúsi á lóðinni er breytt í vinnustofu.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Smárinn vestan Reykjanesbrautar. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 25. október 2016 breytt deiliskipulag Smárans vestan Reykjanesbrautar. Í breytingunni felst fjölgun íbúða á svæðinu sunnan Smáralindar (M-3 og M-4) úr 500 í 620 íbúðir. Nýtingarhlutfall er óbreytt og því ekki um að ræða aukið byggingarmagn. Bílastæðakröfur eru óbreyttar og mun bílastæðum því fjölga samsvarandi fjölgun íbúða.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 23. nóvember 2016.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.